

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra, sem samþykkt var af sveitarstjóra Húnaþings vestra hinn 6. september sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 5. desember 2012.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra.

##### 1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Húnaþings vestra. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum. Starfssvæði hans er sveitarfélagið Húnaþing vestra.

##### 2. gr.

Skólinn starfar í samræmi við gildandi lög um tónlistarskóla svo og aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla. Meginmarkmið skólans er að efla hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á og njóta tónlistar.

##### 3. gr.

Eigandi og rekstaraðili skólans er sveitarfélagið Húnaþing vestra og annast sveitarskrifstofan reikningshald og fjármál skólans.

##### 4. gr.

Fræðsluráð Húnaþings vestra fer með stjórn skólans í umboði sveitarstjórnar eins og segir í samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Fræðsluráð skal fylgjast náið með starfi og rekstri skólans. Skólastjóri skal leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun skólans fyrir sveitarstjórn fyrir komandi rekstarár. Sveitarstjórn ræður skólastjóra til skólans að fenginni umsögn fræðsluráðs. Við ráðningu annarra starfsmanna er vísað til starfsmannastefnu Húnaþings vestra. Leitast skal við að ráða tónlistarkennara með full kennsluréttindi.

##### 5. gr.

Skólaárið er níu mánuðir frá 20. ágúst til 20. maí og skiptist í tvær annir. Því lýkur með prófum. Skólastjóri og fræðsluráð skulu setja reglur um starfsemi skólans er kveði nánar á um réttindi og skyldur nemanda, próf, tímasókn, tónleikahald o.fl.

##### 6. gr.

Sveitarstjórn ákveður skólagjöld að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs. Nemendur greiði skólagjöldin í byrjun hvorrar annar.

##### 7. gr.

Í desember ár hvert skal sveitarstjórn hafa gert skólanum fjárhagsáætlun fyrir komandi almanaksár.

8. gr.

Kennt verður á eftirtöldum stöðum ef næg þátttaka fæst: Hvammstanga, Laugarbakka og Borðeyri.

9. gr.

Styrkir þeir sem fræðsluráð sækir um eða skólanum áskotnast frá öðrum aðilum skulu renna til kaupa eða endurnýjunar á hljóðfærum enda sé að því stefnt að skólinn eignist val hljóðfæra sem leigð verði nemendum til náms gegn vægu gjaldi.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð fyrir Tónlistarskóla Vestur-Húnavatnssýslu sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 10. desember 1998.

Samþykkt á 203. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 6. september 2012.